



## BYGGÐARÁÐSTEFNAN 2016

---

### Erindi miðvikudaginn 14. september 2016

---

**Póroddur Bjarnason** er með doktorspróf í félagsfræði frá University of Notre Dame í Bandaríkjunum. Hann hefur gegnt stöðu prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri frá árinu 2004. Póroddur var stjórnarformaður Byggðastofnunar á árunum 2011-2015.

#### **Titill: Mennt og máttur landsbyggðanna**

**Útdráttur:** Um aldir var skólahald á Íslandi samofið yfirráðum kirkjunnar og fór að mestu fram á biskupssetrum landsins. Skálholtsskóli starfaði frá stofnun staðarins árið 1056 en Norðlendingar fengu sinn eigin skóla á Hólum í Hjaltadal árið 1106 til mótvægis við Skálholtsvaldið fyrir sunnan. Uppbygging Reykjavíkur sem miðstöðvar fyrir Ísland markaði endalok skólahalds á Suður- og Norðurlandi rúmum sjö hundruð árum síðar. Skálholtsskóli var fluttur til Reykjavíkur 1785 og árið 1802 var Hólaskóli að nafninu til sameinaður Lærða skólanum í Reykjavík. Eftir það var enginn skóli utan Reykjavíkur um sjötíu ára skeið. Í fjölmiðlaumfjöllun nítjándu aldar var mikil áhersla á að piltar og stúlkur gætu sótt sér hagnýta menntun í heimabyggð og undir lok aldarinnar voru gagnfræðaskólar, búnaðarskólar og kvennaskólar stofnaðir víða um land. Á fyrri hluta 20. aldar voru héraðsskólar stofnsettir með áherslu á almennar gagnfræðagreinar, hagnýta starfsmenntun og íþróttir. Héraðsskólunum fylgdi umtalsverð opinber fjárfesting í innviðum samfélaga víða um land og störf sköpuðust fyrir fleira menntað fólk en presta. Héraðsskólar veittu þó ekki aðgang að frekari menntun og staðsetning þeirra í dreifbýli varð erfiðari eftir því sem fólki fækkaði í sveitum og fjölgaði í bæjum landsins. Uppbygging framhaldsskóla í flestum stærri þéttbýlisstöðum og síðar háskólastofnana og háskólasetra jöfnuðu tækifæri ungs fólks til menntunar, skapaði störf fyrir menntað fólk og auðgaði mannlíf um allt land. Núverandi uppbygging fjarnáms eykur enn möguleika til framhalds- og háskólanáms óháð búsetu og á vissan hátt má segja að gamli farkennarinn hafi snúið rafrænt aftur á heimili dreifbýlisins. Á sama tíma ógnar fjarnámið tilvist minni menntastofnana um land allt og kann að draga verulega úr efnahagslegum og félagslegum áhrifum þeirra á næstu árum og áratugum. Brýn þörf er á mótun heildstæðrar menntastefnu sem tekur fullt tillit til ólíkra byggða landsins og eflir þær til framtíðar.

---

**Gréta Bergrún Jóhannesdóttir** er með MA í kynjafræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð og BA í fjölmiðlafræði frá HA. Hún hóf störf hjá Þekkingarneti Þingeyinga árið 2009 og starfar þar sem verkefnastjóri í Menntasetrinu á Þórshöfn og sérfræðingur á rannsóknarsviði.

## **Titill: Breytingar á atvinnuháttum sjávarbyggða á Íslandi – raundæmið Húsavík**

**Útdráttur:** Miklar breytingar hafa orðið á atvinnuháttum sjávarbyggða á undanförunum áratugum. Víða hafa lítil þorp átt undir högg að sækja til dæmis vegna samdráttar í sjávarútvegi og hefur þá vantað kjölfestuatvinnugrein í staðinn.

Þekkingarnet Þingeyinga hefur kortlagt breytingar á atvinnuháttum sjávarbyggðar með Húsavík sem raundæmi. Húsvíkingar hafa upplifað miklar breytingar á atvinnulífi, þar sem bærinn hefur breyst úr því að vera hefðbundin sjávarbyggð í að verða ferðaþjónustubær sem stendur enn frammi fyrir breytingum vegna iðnaðaruppbyggingar.

Í rannsókninni var sjónum beint að því hvernig heimamenn hafa upplifað breytingar á atvinnulífi undanfarna áratugi og hver framtíðarsýn þeirra er fyrir komandi ár. Framkvæmd var viðtalsrannsókn en einnig lögð fyrir spurningakönnun um þær breytingar sem orðið hafa á atvinnulífi í kaupstaðnum á undanförunum áratugum og væntingar til framtíðarinnar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna ýmsa jákvæða og neikvæða þætti sem nota má sem viðmið fyrir samfélög sem standa frammi fyrir áþekktum breytingum á atvinnuháttum. Þar er hvort tveggja horft til ytri aðstæðna, ákvarðana ríkisvaldsins og eignarhalds fyrirtækja utan byggðarinnar, og innri aðstæðna, stjórnunar sveitarfélags og skipulagsmála, hvað gekk vel, hvað mátti betur fara og hvað var ófyrirsjáanlegt.

---

**Arnar Þór Jóhannesson** er stjórn málafræðingur frá Háskóla Íslands og með diplómu í Opinberri stjórnsýslu frá sama skóla. Árið 2013 lauk Arnar meistaranámi frá Stokkhólmsháskóla í stjórn málafræði. Hann hefur starfað sem sérfræðingur hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri frá árinu 2015 og unnið þar að ýmsum rannsóknum.

## **Titill: Viðhorf til ferðaþjónustu: Ólíkir staðir – ólík sýn**

**Útdráttur:** Í erindinu verður fjallað um niðurstöður greiningar á því hvaða áhrif hinn hraði vöxtur ferðaþjónustunnar samhliða lengra ferðamannatímabili hefur á minni samfélög, íbúa þeirra, menningu og daglegt líf í samfélagslegu tilliti. Þessi rannsókn byggir á svipaðri aðferðafræði og rannsókn Háskólans á Hólum, sem unnin var á vegum Ferðamálastofu, um félagsleg áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu þar sem svæðin Hella, Ísafjörður, Húsavík og 101 Reykjavík voru til athugunar.

Þau samfélög, sem eru til skoðunar í þessari rannsókn, eru: Höfn í Hornafirði, Mývatnssveit og Siglufjörður. Öll eiga þau það sameiginlegt að ferðaþjónustu og ferðamennsku þar hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförunum misserum. Við rannsóknina var notast við blandaðar rannsóknaraðferðir. Annars vegar voru tekin hálfopin viðtöl við íbúa í bæjarfélögunum þremur og hins vegar var spurningalisti lagður fyrir íbúa í símakönnun. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um hvaða áhrif ferðamennska og uppbygging ferðaþjónustu hefur á samfélag heimamanna á svæðunum þremur. Niðurstöðurnar benda til þess að viðhorf til samfélagslegra áhrifa ferðaþjónustu séu mismunandi frá einum stað til annars. Þannig séu viðhorf til ferðaþjónustu ekki endilega mótuð af grunnþáttum s.s. menntun, kyni, stöðu o.s.frv. heldur kunna aðrir þættir að vera ráðandi sem mikilvægt er að skoða frekar.

**Hjalti Jóhannesson** er með MA gráðu í hagrænni landfræði frá York University í Toronto. Hjalti hefur starfað við rannsóknir hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri frá árinu 2000 en hafði áður m.a. starfað í samgönguráðuneytinu og á sveitarstjórnarstiginu, einkum sem framkvæmdastjóri Eypings og í skipulagsdeild Akureyrarbæjar.

**Titill: Stóriðja á Austurlandi og lýðfræðileg þróun á rekstrartíma**

**Útdráttur:** Á árunum 2004-2010 gerði RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri í samstarfi við Þróunarfélag Austurlands viðamikla rannsókn á samfélagsáhrifum stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Var þetta gert samkvæmt ályktun Alþingis og fjármagnað af stjórnvöldum. Sú rannsókn beindist því einkum að framkvæmdatíma verkefnisins og tók til fjölmargra þátta samfélagsins. Miklar skammtímabreytingar áttu sér stað, s.s. hvað lýðfræði varðar m.a. vegna áhrifa erlendra verktakafyrirtækja og mikillar þátttöku erlendra starfsmanna í framkvæmdunum. Í þessu erindi verður sjónum hins vegar beint að lýðfræðilegum breytingum á rekstrartíma álvers Alcoa Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar. Skoðað verður út frá opinberum gögnum hvaða helstu breytingar hafa átt sér stað hvað varðar íbúafjölda, aldursdreifingu, kynjahalla, búferlaflutninga og fleira á helsta áhrifasvæði framkvæmdanna frá þeim tíma er rannsókn RHA lauk.

---

**Margrét Gauja Magnúsdóttir** er með BA próf í uppeldis- og menntunarfræðum, kennsluréttindi og er í MA námi í uppeldis- og menntunarsálfræði með áherslu á borgaravitund og lífssýn ungs fólks. Margrét Gauja hefur síðustu 18 ár unnið með ungu fólki sem ráðgjafi og kennari. Hún starfar í dag sem bæjarfulltrúi í Hafnarfirði en hefur síðustu tvö ár unnið sem náms- og starfsráðgjafi FAS og við valdeflandi verkefni og námskeið fyrir ungt fólk á Höfn í Hornafirði m.a við verkefnið LUV: Lýðræðisvitund og valdefling ungmenna á landsbyggðinni, sem styrkt er að Byggðarannsóknasjóði og er efni meistararitgerðar hennar.

**Titill: Lýðræðisvitund og valdefling ungmenna á landsbyggðinni**

**Útdráttur:** Atgervisflótti ungmenna er víða vandamál á landsbyggðinni þar sem ungt fólk í leit að tækifærum þarf að velja á milli þess að dvelja í heimabyggð eða flytjast búferlum. Menntunarkostir og atvinnutækifæri ráða miklu um ákvörðunina en ekki síður samfélagsgerð í heimabyggð og virkni ungmenna. Rannsóknir sýna að samfélagsþátttaka ungs fólks og tengsl þeirra við samfélagið er víða takmörkuð og það virðist hvort heldur eiga við um félagslíf eða málefni sveitarfélagsins.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hugmyndir ungmenna til lýðræðis og valdeflingar og standa að valdeflingu sem er mótuð að þeirra hugmyndum. Að lokum að vinna handbók aðgengilega öllum þeim sem takast á við atgervisflóttu.

---

**Stefanía Gísladóttir** er ritari og tengiliður samtakanna Landsbyggðin lífi. Hún var gjaldkeri Framfarafélags Öxarfjarðar, en hún bjó á Kópaskeri í 34 ár en flutti til Reykjavíkur í s.l. vor. Stefanía er með Diplómu í ferðamálafræði frá Hólaskóla. Hún starfar í dag sem ritari hjá Landspítalanum.

**Titill: Búsetuskilyrði ungs fólks**

**Útdráttur:** *Landsbyggðin lífi* mun kynna niðurstöður úr rannsókn sem ber heitið *Búsetuskilyrði ungs fólks* sem unnin var í samstarfi við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri í lok 2015. Markmið könnunarinnar var að afla gagna um viðhorf ungs fólks til búsetuskilyrða almennt. Spurningalisti var

saminn af sérfræðingum RHA í samráði við forsvarsmenn samtakanna. Könnunin var netkönnun. *Landsbyggðin lifi* sá um að afla netfanga fyrir könnunina og fengið var samþykki viðkomandi við því að senda könnun á uppgefið netfang. Miðað var við að þátttakendur væru á aldrinum 18- 35 ára og búsettir á landsbyggðinni eða hefði rætur þar. Niðurstöður koma kannski ekki á óvart en eru áhugaverðar og gott að hafa þær í huga þegar ákvarðanir eru teknar tengdar byggðapróun.

---

**Laila Kildesgaard** er framkvæmdastjóri svæðissveitarfélagsins Borgundarhólms.

**Titill: "Development without growth – and how young people return and develop Bornholm"**

**Útdráttur:** Vörn í sókn á eyjunni sem hefur sem danskt jaðarsvæði þurft að glíma við svipaðar áskoranir og íslenskar landsbyggðir.

---

**Tinna K. Halldórsdóttir** er félagsfræðingur MA og verkefnastjóri hjá Austurbrú. Hún hefur starfað við rannsóknir á austfirsku samfélagi frá 2008 ásamt öðrum störfum hjá Austurbrú og kennslu við ME. **Birna G. Árnadóttir** var verkefnaráðin til aðstoðar við verkefnið, hún er með BA í sálfræði og er MA nemi í starfsendurhæfingarfræðum.

**Titill: Ég kem ekki aftur!**

**Útdráttur:** Í rannsókninni var sjónum beint að búferlaflutningi kvenna frá Austurlandi á árunum 2008, 2011 og 2014. Tekin voru 108 símaviðtöl við konur á aldrinum 21-40 ára. Reynt var að svara spurningunum: *Af hverju flytja ungar konur frá Austurlandi?* og *Skipta tengsl við svæðið máli varðandi líkur á að snúa aftur?*

Helstu niðurstöður voru að konurnar stefna ekki á að koma til baka en aðeins 2,7% svarenda töldu miklar líkur á að snúa til baka. Um 16% þeirra töldu nokkrar líkur á að snúa til baka. Flestar brottfluttu konurnar hafa sterk tengsl við Austurland þó þær vilji ekki koma aftur. Þátttakendur höfðu almennt hátt menntunarstig en um 75% þeirra voru með grunn- eða framhaldsnám á háskólastigi en flestir svarendur í könnuninni fluttu burt til að sækja nám. Almennt mátu konur atvinnutækifæri á Austurlandi góð fyrir karla en færri tækifæri fyrir konur og fæst fyrir þær sjálfar. Spurt var um búsetugæði m.t.t. ýmissa innviða; samgangna, húsnæðismála, verslunar og þjónustu, menningar og lífsgæða, þjónustu við barnafjölskyldur. Þar komu samgöngumál verst út en þjónusta við barnafjölskyldur best.

Þær konur sem helst sáu fyrir sér að flytja til baka voru konur með háskólamenntun, fæddar og uppaldar á svæðinu og með jákvæða sýn á atvinnumöguleika kvenna á Austurlandi, en þessar konur voru í miklum minnihluta svarenda.

---

## Erindi fimmtudaginn 15. september 2016

---

**Sigrún Blöndal** er formaður SSA og kennari á Fljótsdalshéraði frá 1990, lengst af við Menntaskólann á Egilsstöðum og og síðustu ár við Egilsstaðaskóla. Kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 2010 og fulltrúi í bæjarráði frá þeim tíma. Situr í stjórnnum SSA (formaður) og Austurbrúar auk þess að gegna öðrum trúnaðarstörfum á vegum sveitarfélagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### **Titill: Framhaldsskólamenntun – heimabyggð**

**Útdráttur:** Í erindinu verður fjallað um gildi þess að ungmenni geti sótt framhaldsskólamenntun á sínu heimasvæði. Þannig aukast mjög líkurnar á að það sæki aftur í heimahagana að loknu frekara námi. Grundvöllur þess er þó að nægt framboð sé af fjölbreyttum störfum og að þjónusta og aðbúnaður sé með þeim hætti sem fólk gerir orðið kröfu um. Þessu tengt verður fjallað um tækifæri til uppbyggingar og nýsköpunar og þætti ráðgjafa- og lánastofnana í að styðja við slíkt. Fjallað verður um mismunandi aðstæður á landinu og velt vöngum yfir mismunandi viðmiðum og reiknilíkönum sem eiga misvel við á þéttbýlum og dreifbýlum svæðum. Hvað eru stjórnvöld tilbúin að gera til að stuðla að því að landið haldist í byggð og hvað er hægt að gera til að ýta undir það með aðgerðum fjárveitingavalds og stofnana hins opinbera ásamt aðilum í atvinnulífinu?

---

**Tinna K. Halldórsdóttir** er með MA í félagsfræði. Hún er verkefnastjóri hjá Austurbrú og hefur m.a unnað að rannsóknum á austfirsku samfélagi frá 2008 ásamt öðrum störfum hjá Austurbrú og kennslu við ME.

### **Titill: Heima er þar sem eyjahjartað slær**

**Útdráttur:** Flestar jaðarbyggðir eiga það sameiginlegt að ungt fólk flyst þaðan í miklum mæli; oftast til að sækja sér aukna menntun. Þetta unga vel menntaða fólk hefur ekki skilað sér til baka og hefur af mörgum verið álitid sem svo að svæðin séu að missa mannauð varanlega. Nýlegar rannsóknir benda hins vegar til þess að snúa þurfi sjónarhorninu og líta á unga brottflutta fólkid sem fjölþætta auðlind. Markmið Eyjahjarta-rannsóknarinnar var að skoða þá nálgun betur og gera tilraun til þess að mæla þá auðlind sem felst í hinum brottflutta. Litið var til efnahagslegra, menningarlegra og félagslegra þátta.

Þátttakendur í rannsókninni voru aðilar á jaðarsvæðum í þremur löndum auk Austurlands; Bornholm í Danmörku, Suðurey í Færeyjum og Vesterålen í Noregi. Litið var til hátíða, haldinna að frumkvæði brottfluttra í flestum tilvikum, í þeim tilgangi að meta áhrifin. Í ljós kom að meirihluti hátíðanna eru gríðarlega stórt innlegg í svæðisbundna ferðamennsku, félagslíf og menningu á þeim stöðum sem þær eru haldnar. Því er hægt að staðfesta og álykta að framlag brottfluttra sé mikils virði fyrir svæðin sem flutt er frá. Þessi niðurstaða getur nýst sem innlegg í stefnumótun og áætlanagerð á jaðarsvæðum; og ýtir undir mikilvægi þess að hlúa vel að ungmennum á mótunarárum þeirra og mynda sterk tengsl við svæðin. Ennfremur að veita þurfi brottfluttum tækifæri til að viðhalda tengslum og leggja sitt af mörkum án þess endilega að flytja til baka.

Í erindinu verður fjallað um þessar niðurstöður og aðallega beint sjónum að viðhorfum brottfluttra til svæðanna sem flutt er frá en sett í samhengi við aðrar niðurstöður rannsóknarinnar.

---

**Tinna Guðmundsdóttir** starfar sem forstöðukona Skaftfells – myndlistarmiðstöðvar Austurlands. Tinna útskrifaðist úr fjöltæknideild Listaháskóla Íslands árið 2002, í kjölfarið lauk hún kennsluréttindanámi í sama skóla. Árið 2008 útskrifaðist hún með MA í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Tinna vann sem skrifstofustjóri ReykjavíkurAkademiunnar árin 2005-2008 og sem framkvæmdastjóri Nýlistasafnsins 2009-2011. Hún hefur einnig unnið að mörgum sjálfstæðum verkefnum s.s. Lortur Biennale, Sequences listahátíð 2008 og sem ritstjóri á heimildaritinu „Nýlistasafnið 1978-2008“ sem kom út árið 2010.

**Titill: Tilviksrannsókn um Skaftfell – myndlistarmiðstöð Austurlands**

**Útdráttur:** *“Menning er allt það besta sem hefur verið hugsað og vitað í heiminum”*

Matthew Arnold 1869

Erindið varpar ljósi á hagræn, afleidd og félagsleg áhrif reksturs menningarmiðstöðvar í fámennu samfélagi í gegnum tilviksrannsókn á Skaftfelli. Skaftfell var stofnað árið 1998 og starfar sem myndlistarmiðstöð Austurlands á Seyðisfirði. Miðstöðin starfrækir sýningarsal fyrir myndlist, sinnir fræðslustarfsemi á öllum skólastigum og rekur gestavinnustofur fyrir alþjóðlega listamenn. Á tímabilinu 2005-2015 hefur miðstöðin gengið í gegnum mikið uppvaxtarskeið, velta hefur fjórfaldast og fjöldi heilsársstarfsmanna þrefaldast. Á Seyðisfirði hefur þróast listamannanýlenda sem má rekja til þess þegar þýsk-svissneski listamaðurinn Dieter Roth (1930-1998) og sonur hans Björn Roth fjárfestu í bryggjuhúsi á staðnum snemma á níunda áratug 20. aldar. Í dag eru u.þ.b. 200 heimili á Seyðisfirði og þar af amk 12 í eigu listamanna. Listahátíð ungs fólks á Austurlandi, LungA, hófst árið 2000 og hefur margfaldast af stærð frá stofnun. Út frá hugmyndafræði hátíðarinnar var stofnaður eini alþýðuskóli landsins, LungA-skólinn, sem hóf störf sín árið 2014. Til varð gróskumikill samastaður fyrir listafólk sem þrífst í 650 manna bæjarplássi og um síðustu áramót var Seyðisfjörður einn af tveimur þéttbýlisstöðum á Austurlandi þar sem íbúum fjölgaði milli ára.

---

**Kristín Ágústsdóttir** forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands og stjórnarmaður í Samtökum Náttúrustofa.

**Titill: Náttúrustofur - vel heppnuð byggðaaðgerð sem tryggir fjölbreytt störf fyrir ungt fólk á landsbyggðinni**

**Útdráttur:** Náttúrustofur er náttúruvannsóknastofnanir á landsbyggðinni, sem auk rannsókna, veita fræðslu og ráðgjöf. Þær starfa samkvæmt lögum frá árinu 1992 og eru í dag átta víðs vegar um landið. Náttúrustofa Austurlands er sú elsta, stofnuð árið 1994 en sú yngsta er Náttúrustofa Suðausturlands, stofnuð árið 2013. Í árslok 2015 störfuðu um 30 fastráðnir starfsmenn í um 27 stöðugildum á náttúrustofunum. Auk þess störfuðu um 10 aðrir starfsmenn á stofunum í tímabundnum verkefnum árið 2015. Mikill meirihluti er háskólamenntaðir náttúrufræðingar.

Ávinningur landsbyggðarinnar af náttúrustofum er margvíslegur. Í fyrsta lagi styrkja náttúrustofur innviði þeirra samfélaga sem þær starfa í, en þær eru ötular við að afla tekna á sviði náttúruvannsóknna, t.d. í formi útseldra verka og styrkja. Þannig draga þær inn í samfélögin þar sem þær starfa fjármagn sem annars færi að líkindum til höfuðborgarsvæðisins. Í öðru lagi stuðla náttúrustofur að fjölbreyttari atvinnutækifærum fyrir háskólamenntaða á landsbyggðinni sem er ein forsenda öflugra og fjölbreyttra samfélaga dreift um landið. Loks veitir rannsóknarstarf náttúrustofanna í ólíkum landshlutum aukna

þekkingu á náttúruferjum á hverju svæði sem nýtist hverskonar atvinnustarfssemi sem byggir á náttúrunni, sem og skólastarfi.

Náttúrustofur sinna áhugaverðum störfum á fræðasviðum sem höfða til ungs fólks og á undanförunum árum hafa þær ráðið til starfa fjöldann allan af ungu fólki sem annars hefði ekki fengið störf á sínu fræðasviði á starfssvæðum stofanna. Augljós leið til styrkingar og aukins framboðs fjölbreyttra starfa fyrir ungt fólk á landsbyggðinni felst m.a. í þeim tækifærum sem snúa að því að færa náttúrustofum aukin verkefni á sviði náttúrfarsrannsókna, s.s. rannsóknir á gróðurferjum, fuglalífi og náttúruverndarsvæðum. Verkefnin eru mikilvæg og óþrjótandi - náttúru og samfélagi til heilla.

---

**Dr. Ingólfur Arnarsson** er lektor við viðskiptadeild Háskólans á Bifröst. Hann lauk doktorsnámi í markaðsfræðum og aðgerðarrannsóknum frá Háskólanum í Tromsø. Rannsóknarsvið Ingólfs eru, alþjóðaviðskipti og alþjóða markaðssetning, rekstur og rekstrarumhverfi fyrirtækja, nýsköpun og þróun atvinnulífs með tilliti til byggðapróunar, aðgerðarrannsóknir og gildi tímans í hagferlum. Ingólfur hefur birt sínar rannsóknir í erlendum tímaritum og hefur skrifað greinar í innlend og erlend blöð og tímarit.

**Titill: Samvinna atvinnulífs og skóla á Vesturlandi. Verkefnið „Rekstraráætlanir“.**

**Útdráttur:** Um aldamótin síðustu fór að bera á gagnrýni á háskólasamfélagið á alþjóðavísu frá atvinnulífinu þar sem gagnrýnt var að háskólar séu farnir að mennta nemendur fyrir háskólasamfélagið en ekki fyrir atvinnulíf og samfélag. Háskólar eins og Chalmers í Svíþjóð og MIT í Bandaríkjunum hafa brugðist við þessari gagnrýni með því að endurskipuleggja námið og þá sérstaklega með tilliti til verkfræðigreina. Einnig hafa háskólar endurskipulagt viðskiptafræðinám með tilliti til þessarar gagnrýni. Háskólinn á Bifröst hefur einnig séð þörf á endurbótum í þessa veru. Á Háskólanum á Bifröst er í gangi tilraunaverkefni sem ætlað er að stuðla að betri samskiptum milli atvinnulífs og skóla. Verkefnið „Rekstraráætlanir“ er samvinnuverkefni Háskólans á Bifröst og lítilla fyrirtækja(SME) á Vesturlandi. Kjarni verkefnisins er að fyrirtækin leggja til raunverulegar upplýsingar og verkefni sem nemendur síðan leysa. Tilgangur verkefnisins er annarsvegar að veita nemendum þjálfun í að leysa raunveruleg verkefni í atvinnulífinu og hinsvegar að veita smáfyrirtækjum í dreifðum byggðum aðstoð í daglegum rekstri og ákvarðanatöku. Markmiðið er að mennta nemendur sem verða betur í stakk búnir til að takast á við raunveruleikan í atvinnulífinu þegar námi lýkur og stuðla að arðbærari rekstri fyrirtækja í dreifðum byggðum Vesturlands.

---

**Unnar Geir Unnarsson** er forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs, fæddur og uppalinn á Egilsstöðum. Hann lærði leiklist og leikstjórn í Englandi og starfaði við leiklist í London og Reykjavík. Eftir nám í menningarstjórnun flutti hann aftur “heim” 2015 til að taka við rekstri Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs.

**Titill: Sviðslistir á Fljótdalshéraði, atvinna eða afþreying?**

**Útdráttur:** Unnar Geir kynnir niðurstöður rannsóknar sem hann framkvæmdi í tengslum við meistaraaritgerð í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst. Í rannsókninni er umhverfi sviðslista á Fljótdalshéraði skoðað og hugsanleg tækifæri fyrir atvinnusviðslistir á svæðinu. Rannsóknin byggir á viðtölum við fólk í stjórnsýslunni og sviðslistum bæði á svæðinu og annars staðar á landinu með áherslu á landsbyggðina. Eins skoðar höfundur menningarsamning Samtaka Sveitarfélaga á Austurlandi (SSA),

Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs (MMF) og Fljótdalshéraðs með Menningarstefnu ríkisins frá 2013 til hliðsjónar. Höfundur telur að setja megi fram þá kenningu að aukin menningarstarfsemi myndi færa Fljótdalshéraði hagvöxt bæði fjárhagslegan og samfélagslegan. Því ætti bæði að vera menningarlegur og fjárhagslegur grundvöllur fyrir sviðslistir að blómstra á Fljótsdalshéraði. Grundvöllur þess að sviðslistir verði atvinnugrein á Fljótsdalshéraði, virðist velta fyrst og fremst á tveimur samverkandi þáttum: Frumkvæði heimamanna og auknum stuðningi ríkisins. Ný Sóknaráætlun fyrir Austurland gefur tilefni til bjartsýni, þar birtast skýrari áhersla á listir sem atvinnugrein en áður og eins er lögð áhersla á bætt menningarlæsi í samfélaginu. Ljóst er að ef sú áætlun á að öðlast vængi og ná flugi þurfa stjórnvöld að stórauка fjármagn til menningarmála og viðurkenna málaflokkinn sem verðugan hluta samfélagsins bæði bæði á mælanlegan hátt og ekki síður á ómælanlegan hátt.

---

**Kristján Þ. Halldórsson** er með MS-gráðu í rekstrarverkfræði frá Álaborgarháskóla. Hann hefur starfað sem sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar frá árinu 2013, fyrst sem verkefnisstjóri í byggðaþróunarverkefninu *Brothættar byggðir* á Raufarhöfn en síðar við þróun og rekstur verkefnisins á landsvísu.

**Titill: Brothættar byggðir.**

**Útdráttur:** Á fyrstu árum tuttugustu og fyrstu aldar hafa nokkur smærri samfélaga landsbyggðanna átt mjög undir högg að sækja. Í sumum tilvikum má rekja hnignunina til stórafalla í atvinnulífi, svo sem missis aflaheimilda og starfsemi tengdri sjávarútvegi. Í öðrum tilvikum er erfiðara að benda á orsakir, en þá er væntanlega um að ræða samspil ýmissa þátta, svo sem breyttra atvinnuhátta, landfræðilegrar legu og stærð atvinnusóknar- og þjónustusvæða. Almenn úrræði hafa í takmörkuðum mæli nýst þessum byggðarlögum.

Verkefnið Brothættar byggðir er sértækt verkfæri stjórnvalda og er ætlað að auka viðnámsþrótt þátttökubyggðarlaga gegn hnignun. Í erindinu verður leitast við að varpa ljósi á upphaf verkefnisins á Raufarhöfn og mótun verklags, meðal annars út frá öðrum fyrirmyndum. Einnig verður fjallað um markmið verkefnisins og val á byggðarlögum, skipulag verkefnisins í einstökum byggðarlögum og mat á árangri. Fjallað verður stuttlega um verkefnislýsingu fyrir Brothættar byggðir sem birt var á vormánuðum.

---

**Silja Jóhannesdóttir** er verkefnisstjóri *Raufarhöfn og framtíðin* og *Öxarfjörður í sókn* sem eru verkefni undir hatti *Brothættra byggða*. Silja er uppalin í Eyjafirðinum og hefur prófað búsetu í sveit, Akureyri, Eskifirði, Reykjavík og núna síðast á Raufarhöfn. Hún er stjórn málafræðingur með MBA gráðu. Hennar starfsferill undanfarin áratug hefur á einn eða annan hátt tengt vinnumarkaðinum. Fyrst sem starfsmaður hjá Hagstofunni þar sem hún vann við vinnumarkaðs- og lífskjararannsókn. Þar á eftir sinnti hún ráðgjöf til fyrirtækja hjá Capacent, aðallega í ráðningum en líka við önnur starfsmannamál. Fyrir þann tíma vann hún við kennslu, rak sumarbúðir og ýmislegt fleira.

**Titill: Raufarhöfn og framtíðin. Öxarfjörður í sókn.**

**Útdráttur:** Í erindinu verður greint frá því hverju verkefnin *Raufarhöfn og framtíðin* og *Öxarfjörður í sókn* hafa skilað og hver næstu skref eru. Í verkefninum er notast við hugmyndafræði íbúalýðræðis þar



sem hugmyndir koma frá íbúum á íbúabingi. Þessar hugmyndir eru svo nýttar ásamt ítarlegri greiningu á svæðinu hvað varðar atvinnulíf og lýðfræði til að móta markmið og aðgerðir. Markmiðin eru misstór og misflókin og er starf verkefnastjórans afar fjölbreytt. Farið verður í þau tæki og tól sem verkefnisstjóri hefur til að framkvæma verkefnið og einnig farið yfir helstu verkefni og stöðu á þeim.

---

**Guðrún Schmidt** er fræðslufulltrúi Landgræðslu ríkisins á héraðssetri Landgræðslunnar á Egilsstöðum. Guðrún er búfræðingur, með BS gráðu í búvísindum frá Landbúnaðarháskóla Íslands og lauk auk þess haustið 2015 MA námi frá Háskólanum í Rostock í Þýskalandi. Hún hefur unnið hjá Landgræðslu ríkisins síðan 1999 og búið á Austurlandi síðan 2002.

#### **Titill: Samhugur, samkennd og sjálfbærni – Sókn landsbyggða**

**Útdráttur:** Sjálfbæra þróun er ekki eingöngu hægt að nálgast með stjórnmalalegum samþykktum, fjárhagslegum ívilnunum eða tæknilegum lausnum heldur þarf einnig að breyta okkar eigin hugsunarhætti og lífsmynstri. Slíkar breytingar tengjast gildum okkar og viðhorfum. Menntun er öflug leið til þess að hafa áhrif á slíkar breytingar. Markmið menntunar til sjálfbærni er að auka og efla gildi, hæfni og getu fólks til þess að taka upplýstar ákvarðanir og vera ábyrgt í athöfnum sínum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þessar áherslur koma fram í aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla frá árinu 2011, þar sem hugtakið sjálfbærni er skilgreint sem einn af sex grunnþáttum menntunar. Nokkrar rannsóknir og athuganir sýna að kennarar óska eftir marvissri og faglegri aðstoð til að geta framfylgt kröfunni um grunnþáttinn sjálfbærni í skólasterfi. Kennarar kalla m.a. eftir aukinni samvinnu við nærumhverfið, þar með talið fagstofnanir á ýmsum sviðum.

Landgræðsla ríkisins er með starfsstöðvar um allt land. Í erindinu verður varpað ljósi á mikilvægi nálægðar fagstofnana við viðfangsefni sitt, út frá reynslu starfsmanna Landgræðslunnar, og þá ekki síst samskipti við íbúa og skóla á viðkomandi svæðum. Að auki verður hugleitt á hvaða hátt ýmsir þættir úr aðalnámskrá skólanna geta aukið hæfni einstaklinga til að efla samfélagið sitt og sjálfbæra þróun. Sem dæmi má nefna að breytingar á lífnaðarháttum í átt að sjálfbærri þróun geta m.a. ýtt undir mikilvægi framleiðslu í heimahéraði með sjálfbærum hætti og þar með haft jákvæð áhrif á þróun.

---

**Jóna Árný Þórðardóttir** er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og löggiltur endurskoðandi. Jóna Árný er með fjölbætta reynslu úr atvinnulífinu og ber þar helst að nefna störf sem endurskoðandi og ráðgjafi hjá KPMG, fjármálastjóri hjá Fjarðabyggð, greiningarsérfræðingur innra eftirlits hjá Alcoa Fjarðaáli sem og ráðgjafi í eigin fyrirtæki Gagnráðum ehf. Jóna Árný hefur gengt starfi framkvæmdastjóra Austurbrúar frá árinu 2014.

#### **Titill: Innanlandsflug sem almenningsamgöngur**

**Útdráttur:** Ein af stóru áskorunum í byggðapróun eru samgöngumál. Einn samgöngumáti sem átt hefur verulega undir högg að sækja undanfarin ár er innanlandsflug. Það er ekki af því að ekki sé hægt að fljúga út um koppa og grundir heldur er kostnaður við þennan samgöngumáta gríðarlegur og notendahópurinn sem stendur undir þessum kostnaði minnkar og minnkar þegar verðið hækkar. Í dag er það svo að flugfar farþega til Reykjavíkur frá Egilsstöðum og heim aftur kostar 54.000 ef fyrirvarinn er stuttur. Í dag geta tveir farþegar komist til London frá Keflavík fyrir sömu fjárhæð. Það er því skiljanlegt að krafan um raunhæfar lausnir um endurskilgreiningu á innanlandsflugi sem almenningsamgöngumáta sé hávær.

Í erindinu verður fjallað um þessa staðreynd sem blasir við íbúum er nýta og jafnvel reiða sig á innanlandsflug sem samgöngumáta. Skoðuð verður sérstaklega aðferðarfræði sem notuð er í Skotlandi til að jafna aðstöðumun á milli svæða. Markmið hennar er að gera verðlag flugsamgangna viðráðanlegt fyrir einangruð samfélög Skotlands, auka aðgengi íbúa þeirra að þjónustu sem og auka samfélagslega þátttöku með því að veita afslátt af fargjöldum.

---

